

Svar

umhverfis- og auðlindaráðherra við fyrirspurn frá Birni Levi Gunnarssyni um verkefni Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar.

1. *Hvaða lögbundnu verkefnum sinnir Stofnun Vilhjálms Stefánssonar?*

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar starfar samkvæmt lögum nr. 81/1997, um stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða. Stofnunin er samstarfs- vettvangur þeirra sem sinna málefnum norðurslóða á Íslandi og er ætlað að efla umhverfis- rannsóknir á norðurslóðum og stuðla að sjálfbærri þróun og efla þátttöku Íslendinga í alþjóðasamstarfi á því sviði.

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar sinnir upplýsingamiðlun, ráðgjöf og samvinnu á sviði sjálfbærrar þróunar og umhverfismála á norðurslóðum og lögð er áhersla á þverfaglega og fjölþjóðlega umfjöllun um fræðilegar og hagnýtar lausnir á viðfangsefnum sem sérstaklega tengjast norðurslóðum. Í 2. gr. laga nr. 81/1997 eru talin upp lögbundin verkefni stofnunarinnar en hún skal leitast við að ná markmiðum sínum með því að:

- a. safna og miðla upplýsingum um málefni norðurslóða,
- b. stuðla að því að umhverfisrannsóknir á norðurslóðum séu samræmdar og gera tillögur um forgangsröð þeirra,
- c. miðla fræðslu um málefni norðurslóða til skóla og almennings,
- d. vera stjórnvöldum til ráðgjafar um málefni norðurslóða, einkum umhverfisvernd og sjálfbæra þróun,
- e. annast samstarf við sambærilegar stofnanir erlendis, t.d. um rekstur fjölþjóðlegra verkefna,
- f. skapa aðstöðu fyrir fræðimenn sem stunda rannsóknarstörf á fræðasviði stofnunarinnar og
- g. sinna öðrum verkefnum samkvæmt ákvörðun ráðherra.

Nánari upplýsingar um hlutverk Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar er að finna á heimasíðu stofnunarinnar, www.svs.is.

2. *Hver er áætlaður heildarkostnaður lögbundinna verkefna Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar og hver er áætlaður kostnaður hvers verkefnis samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020?*

Heildarfjárheimild Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar samkvæmt fylgiriti fjárlaga 2020 er 90,2 millj. kr. Fjárheimildin er ætluð til að sinna verkefnum stofnunarinnar og er ekki sundurliðuð sérstaklega.